

## **45. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 28. janúar 1997, á Hótel Selfossi, kl. 9.00.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

### **1. Endurskoðun samninga við Gám hf., og Gámapjónustuna hf.**

Niðurstaðan liggur ekki fyrir og málinu frestað til næsta fundar.

### **2. Drög að samningi við Guðmund Tr. Ólafsson.**

Um er að ræða samning um þróunarverkefni á vegum Sorpstöðvarinnar sem mun annars vegar felast í athugunum og tillögugerð varðandi starfsemi stöðvarinnar í Kirkjuferjuháleigu og hins vegar í athugunum og aðstoð við aðildarsveitarfélög Sorpstöðvarinnar varðandi sorp- og umhverfismál í sveitarfélögunum, sbr. markmiðssetningu fyrirtækisins.

Verkefnið mun standa yfir frá 1. marz til 15. júní nk.

Samþykkt að semja við Guðmund á grundvelli draganna.

### **3. Fundargerð samráðsfundar um starfsemi Sorpstöðvarinnar frá 17. janúar sl. - drög að starfsleyfi.**

Framkvæmdastjóra falið að semja drög að athugasemdum við starfsleyfisdrögin og senda Hollustuvernd ríkisins að höfðu samráði við stjórnarmenn.

### **4. Auðsholtsmál - afrit af bréfi Lárusar Blöndal hdl., til Jóns Ólafsson hrl., dags. 16. desember 1996, og afrit af bréfi Sorpstöðvar Suðurlands til Talnakönnunar hf., dags. 9. janúar sl.**

Til kynningar.

### **5. Söfnun mjólkurferna.**

Stjórnin sammála um að slík söfnun fari af stað og felur framkvæmdastjóra að vinna að undirbúningi málsins í samvinnu við aðildarsveitarfélögin og MBF.

### **6. Önnur mál.**

#### **6.a.** Lagt fram bréf, dags. 2. jan. sl., frá Sorpstöð Suðurlands til aðildarsveitarfélaganna um trjákulara.

Stjórnin hvetur aðildarsveitarfélögin til að nýta sér trjákularann.

#### **6.b.** Erindi frá Hollustuvernd ríkisins, dags. 22. janúar sl., þar sem óskað er eftir styrk að upphæð kr. 50.000.- vegna gerðar reglna um meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs.

Samþykkt að veita umbeðinn styrk.

#### **6.c.** Lagt fram yfirlit um magn dagblaðapappírs sem safnaðist á Suðurlandi á síðasta ári, sundurliðað eftir sveitarfélögum.

Samþykkt að senda sveitarfélögunum.

**6.d.** Karl Björnsson gerði grein fyrir hugmyndum garðyrkjustjóra Selfossbæjar um jarðvegsgerð úr heimilisúrgangi.

Guðmundi Tr. Ólafssyni falið að kanna málið.

Fundi slitið kl. 11.15.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Guðmundur Hermannsson.

Karl Björnsson. e.u.

Þorvarður Hjaltason.